

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/52/EB

2012/EES/24/06

frá 5. júlí 2006

## um breytingu á tilskipun 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni og tilskipun 94/35/EB um sætuefni til notkunar í matvælum (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (1),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Einungis er heimilt að samþykkja notkun aukefna í matvæli ef þau uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum (3).
- 2) Í tilskipun 95/2/EB (4) var sett fram skrá yfir aukefni í matvæli, sem heimilt er að nota í Bandalaginu, og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 3) Í tilskipun 94/35/EB (5) var sett fram skrá yfir sætuefni, sem heimilt er að nota í Bandalaginu, og skilyrði fyrir notkun þeirra.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 255, 14.10.2005, bls. 59.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 26. október 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) Ákvörðun ráðsins frá 2. júní 2006.

(3) Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(4) Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/114/EB (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 58).

(5) Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/115/EB (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 65).

4) Frá því að tilskipun 95/2/EB og tilskipun 94/35/EB voru samþykktar hefur orðið tæknileg þróun á sviði matvælaaukefna. Þessar tilskipanir ber að laga að þessari þróun.

5) Á grundvelli álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) frá 26. nóvember 2003 eru gerðar breytingar á gildandi leyfum í því skyni að halda nitrósamíninnihaldi í algjöru lágmarki með því að minnka magn nitríts og nitrats sem bætt er við matvæli en viðhalda um leið örverufræðilegu öryggi matvællanna. Matvælaöryggisstofnunin mælir með að gildi fyrir nitrít- og nitrátinnihald verði fastsett í löggjöfinni sem „viðbætt magn“. Matvælaöryggisstofnunin er á þeirri skoðun að það sé viðbætt magn nitríts, sem hefur hemjandi áhrif á vöxt *C. botulinum*, fremur en magn leifa þess. Breyta ber gildandi ákvæðum á þann hátt að leyfilegt hámarksinnihald, eins og Matvælaöryggisstofnunin getur um, í kjötafurðum, sem eru ekki hitameðhöndlaðar eða sem eru hitameðhöndlaðar, og í osti og í fiski sé gefið upp sem viðbætt magn. Í sérstökum undantekningartilvikum skal þó fastsetja hámarksgildi leifa fyrir tilteknar kjötafurðir sem eru framleiddar á hefðbundinn hátt, svo fremi afurðirnar séu tilgreindar og auðkenndar á fullnægjandi hátt. Fastsett gildi skulu tryggja að ekki sé farið yfir ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) sem vísindanefndin um matvæli innleiddi árið 1990. Afurðir, sem ekki er getið sérstaklega í þessari tilskipun en sem hefð er fyrir að framleiða á svipaðan hátt (þ.e. svipaðar afurðir), er hægt að flokka, ef þörf krefur, í samræmi við 5. og 6. gr. tilskipunar 95/2/EB. Gildið fyrir innihald osts skal tilgreint sem magnið sem bætt er við ostamjólkina. Ef notað er vinnsluferli þar sem nitrati er bætt við eftir að mysa hefur verið fjarlægð og vatni hefur verið bætt við skal innihald nitrats verða það sama og það innihald sem fengist hefði ef nitratinu hefði verið bætt beint við ostamjólkina.

6) Með tilskipun 2003/114/EB um breytingu á tilskipun 95/2/EB er framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni gert að endurskoða skilyrðin fyrir notkun p-hýdroxybensóatanna E 214 til E 219 og natriúmsalta þeirra fyrir 1. júlí 2004. Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi p-hýdroxybensóata og lét í ljós álit sitt 13. júlí 2004. Matvælaöryggisstofnunin fastsetti, sem gildi ásættanlegrar, daglegrar inntöku fyrir allan flokkinn, 0–10 mg á kíló líkamsþyngdar fyrir summu metýl- og etýl-p-hýdroxybensósýruæstera og natriúmsalta þeirra. Matvælaöryggisstofnunin taldi að pólýparaben ætti ekki að falla undir gildið fyrir ásættanlega, daglega inntöku fyrir þennan flokk þar eð própýlparaben hefur, gagnstætt metýl- og etýlparabeni, áhrif á kynhormóna og æxlunarfæri karldýra hjá ungum rottum. Matvælaöryggisstofnunin gat því ekki mælt með neinu gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku fyrir própýlparaben vegna skorts á skýrum mörkum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL). Nauðsynlegt er að fella E 216, própýl-p-hýdroxybensóat, og E 217, natriúmpropýl- p-hýdroxybensóat, úr tilskipun 95/2/EB. Auk þess er nauðsynlegt að fella niður notkun p-hýdroxybensóats í fljótandi fæðubótarefni.

- 7) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/374/EB <sup>(6)</sup> var setningu á markað og innflutningi á smábikurum með hlaupi, sem innihalda hlaupmyndandi matvælaaukefni sem unnin eru úr þangi og þara og tilteknum tegundum gúmmis, frestað vegna áhættu á köfnun af völdum þessara vara. Í kjölfar endurskoðunar á þeirri ákvörðun er nauðsynlegt að útiloka möguleikann á notkun tiltekinnna hlaupmyndandi matvælaaukefna í smábikara með hlaupi.
- 8) Vísindanefndin um matvæli mat upplýsingar um öryggi erýtrítóls og lét í ljós álit sitt 5. mars 2003. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að notkun erýtrítóls sem matvælaaukefnis væri ásættanleg. Nefndin veitti því einnig athygli að erýtrítól hefur hægðalosandi áhrif en við stærri skammt en önnur fjölalkóhól. Erýtrítól hefur marga aðra tæknilega eiginleika en sætueiginleika sem eru þýðingarmiklir í margs konar matvælum, allt frá sælgæti til mjólkurafurða. Þetta gerir efnið m.a. hæft sem bragðaukandi efni, burðarefni, rakaefni, bindiefni, þykkingarefni, umfangsauki og tengiefni. Nauðsynlegt er að leyfa notkun erýtrítóls í sömu matvæli og önnur fjölalkóhól sem nú eru leyfð. Auk þess er nauðsynlegt að breyta tilskipun 94/35/EB þar eð einnig er unnt að nota erýtrítól til sætunar eins og önnur fjölalkóhól sem nú eru leyfð.
- 9) Vísindanefndin um matvæli mat upplýsingar um öryggi sojabaunahálfbeðmis og lét í ljós álit sitt 4. apríl 2003. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að notkun sojabaunahálfbeðmis væri ásættanleg í tiltekin matvæli, sem beiðnin varðaði, og í tilteknu magni. Því er rétt að leyfa slíka notkun í tilteknum tilgangi. Til þess að gera þeim auðveldara fyrir sem þjást af ofnæmi skal slík notkun þó ekki leyfð fyrir óunnin matvæli þar sem ekki er búist við að sojabaunir sé að finna. Neytendur skulu í öllum tilvikum upplýstir ef vörur innihalda hálfbeðmi, sem er unnið úr sojabaunum, í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(7)</sup>.
- 10) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi etýlsellulósa og lét í ljós álit sitt 17. febrúar 2004. Matvælaöryggisstofnunin ákvað að setja etýlsellulósa í flokk fyrir umbreytta sellulósa, sem vísindanefndin um matvæli innleiddi, þar sem gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku er „ótilgreint“. Etýlsellulósi er helst notaður í fæðubótarefni og húðuð bragðefni. Notkun etýlsellulósa skal því leyfð á svipaðan hátt og notkun annarra sellulósa.
- 11) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi púllúlans og lét í ljós álit sitt 13. júlí 2004. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun púllúlans væri ásættanleg í hjúp fæðubótarefna, sem eru í formi hylkja og taflna, sem og í blöð (*e. films*) sem gefa ferskan andardrátt. Því er rétt að leyfa þessa notkun.
- 12) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi þrígreinds bútýlhýdrókinóns (TBHQ) og lét í ljós álit sitt 12. júlí 2004. Matvælaöryggisstofnunin fastsetti gildi ásættanlegrar, daglegrar inntöku þessa þráavarnarefnis við 0,7 mg/kg líkamsþyngdar og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þess væri ásættanleg í tiltekin matvæli í tilteknu magni. Því er rétt að leyfa þetta aukefni.
- 13) Vísindanefndin um matvæli mat upplýsingar um öryggi áloktenýlsúksínatsterkju og lét í ljós álit sitt 21. mars 1997. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að notkun þessa aukefnis sem efnisþáttar í örhylljuð vítamín og karótenóíð gæti talist ásættanleg. Því er rétt að leyfa þessa notkun.
- 14) Við framleiðslu á súrmjólkurosti er natriumvetniskarbónati, E 500ii, bætt við gerilsneydda mjólkina til þess að jafna súrleikann af völdum mjólkursýrunnar og ná fram ákjósanlegu pH-gildi og skapa þannig nauðsynleg vaxtarskilyrði fyrir ræktanir í þroskun. Því er rétt að leyfa notkun natriumvetniskarbónats í súrmjólkurosti.
- 15) Sem stendur er notkun á blöndu sorbata (E 200, E 202 og E 203) og bensóata (E 210 til E 213) leyfð í soðnar rækjur til að verja þær skemmdum. Rétt er að rýmka þetta leyfi þannig að það taki til notkunar í öll soðin krabbadýr og lindýr.
- 16) Kísildíoxíð, E 551, er leyft sem burðarefni fyrir matvælaalitarefni og er hámarksinnihaldið 5%. Því skal einnig leyfa notkun kísildíoxíðs sem burðarefnis fyrir matvælaalitarefni titandíoxíð, E 171, og járníoxíð og járnídroxíð, E 172, að hámarki 90% í hlutfalli við lífræna litarefnið.
- 17) Með tilskipun 95/2/EB er notkun aukefnanna, sem eru tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun, takmörkuð við hefðbundið, franskt brauð „Pain courant français“. Sama takmörkun skal gilda um svipað, hefðbundið, ungverskt brauð. Einnig er rétt að leyfa notkun askorbínsýru (E 300), natriumaskorbats (E 301) og kalsíumtvínatríums EDTA (E 385) í ungverska lífrarkæfu.
- 18) Nauðsynlegt er að uppfæra gildandi ákvæði sem varða notkun súlfíta (E 220 til E 228) í soðnum krabbadýrum, vínberjum og litkaberjum.
- 19) Í samræmi við beiðni aðildarríkis og álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 5. mars 2003 skal leyfa 4-hexýlresorsínól sem var leyft í einstökum ríkjum samkvæmt tilskipun 89/107/EBE, á vettvangi Bandalagsins.

<sup>(6)</sup> Stjótið. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 70.

<sup>(7)</sup> Stjótið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjótið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

- 20) Hugtakanotkunin í tilskipun 95/2/EB skal aðlöguð með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérþæði<sup>(8)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni<sup>(9)</sup> og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérþæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi<sup>(10)</sup>.
- 21) Því ber að breyta tilskipunum 95/2/EB og 94/35/EB til samræmis við það.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Tilskipun 95/2/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað c-liðar 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„c) „burðarefni“, þ.m.t. leysar: efni sem eru notuð til að leysa upp, þynna, dreifa eða breyta á annan hátt eðliseiginleikum matvælaaukefna eða bragðefna án þess að breyta hlutverki þeirra (og án þess að þau sjálf hafi tæknileg áhrif) í því skyni að auðvelda meðhöndlun þeirra, íblöndun eða notkun,“

2. Í 2. mgr. 3. gr. komi „unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat“ í stað „afvenslunarfæðu“.

3. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

## 2. gr.

Viðaukanum við tilskipun 94/35/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

## 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. febrúar 2008 í því skyni að:

- a) heimila viðskipti með vörur og notkun vara, sem eru í samræmi við þessa tilskipun, eigi síðar en 15. febrúar 2008,
- b) banna viðskipti með vörur og notkun vara, sem eru ekki í samræmi við þessa tilskipun, frá og með 15. ágúst 2008.

Þó er heimilt að versla með vörur sem eru settar á markað eða merktar fyrir 15. ágúst 2008, enda þótt þær séu ekki í samræmi við þessa tilskipun, þar til birgðir eru uppnar.

Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta slíkra laga og stjórnsýslufyrirmæla ásamt samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmælin, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

## 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 5. júlí 2006.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. Borrell Fontelles

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. Lehtomäki

*forseti.*

<sup>(8)</sup> Stj.útd. EB L 186, 30.6.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

<sup>(9)</sup> Stj.útd. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

<sup>(10)</sup> Stj.útd. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögum frá 2003.

## I. VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 95/2/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í inngangsaðgangsefndinni bætist eftirfarandi athugasemd við:

„4. Ekki er heimilt að nota efnið, sem gefin eru upp undir númerunum E 400, E 401, E 402, E 403, E 404, E 406, E 407, E 407a, E 410, E 412, E 413, E 414, E 415, E 417, E 418 og E 440, í smábikara með hlaupi sem eru skilgreindir, að því er varðar þessa tilskipun, sem sætindi úr hlaupi, sem er þétt viðkomu, í hálfveigianlegum smábikurum eða litlum hylkjum, sem eru ætluð til neyslu í einum bita með því að þrýsta á smábikarinn eða litla hylkið þannig að sætindin lyftist upp í munninn.“

b) Í töflunni bætist við lína með eftirfarandi:

„E 462	Etýlsellulósi“.
--------	-----------------

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar með „Þroskaður ostur“ komi eftirfarandi:

„Þroskaður ostur	E 170 Kalsíumkarbónat E 504 Magnesíumkarbónat E 509 Kalsíumklóríð E 575 Glúkónó-delta-laktón	eftir þörfum (lat. <i>quantum satis</i> )
	E 500ii Natriumvetniskarbónat	eftir þörfum (eingöngu fyrir súrmjólkurost),“

b) Í línunni með „*Pain courant français*“ bætist eftirfarandi orð við á eftir orðunum „*Pain courant français*“: „*Friss búzakenyér, fêhér és félbarna kenyerek*“.

c) Í línunni með „*Foie gras, foie gras entier, blocs de foie gras*“ bætist eftirfarandi orð við á eftir orðunum „*Foie gras, foie gras entier, blocs de foie gras*“: „*Libamáj, libamáj egészben, libamáj tömbben*“.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í töflunni „Sorböt, bensóöt og p-hýdroxýbensóöt“ falli línurnar fyrir „E 216 Própýl-p-hýdroxýbensóat“ og „E 217 Natriumprópýl-p-hýdroxýbensóat“ brott.

ii. Töflunni yfir matvæli er breytt sem hér segir:

— Eftirfarandi línur falli brott:

„Rækjur, soðnar				2000		
<i>Crangon crangon</i> og <i>Crangon vulgaris</i> , soðið	2000					
Fljótandi fæðubótarefni						2000“.

— Eftirfarandi línur bætist við:

„Krabbadýr og lindýr, soðin		1000		2000		
Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB (*), í fljótandi formi				2000		

(\* ) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB (Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).“

— Í stað orðanna „Sérfaði sem er notað í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi“ komi orðin „Sérfaða sem er notað í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 1999/21/EB (\*)

(\* ) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).“

b) Töflunni yfir matvæli í B-hluta er breytt sem hér segir:

— Í stað línunnar „Krabbadýr og smokkfiskar og kolkraubar“ komi eftirfarandi:

„Krabbadýr og smokkar:	
— fersk, fryst og djúpfryst	150 <sup>(1)</sup>
— krabbadýr, ættirnar <i>Penaeidae</i> , <i>Solenoceridae</i> , <i>Aristaeidae</i> :	
— að 80 einingum	150 <sup>(1)</sup>
— milli 80 og 120 einingar	200 <sup>(1)</sup>
— yfir 120 einingar	300 <sup>(1)</sup>
Krabbadýr og smokkar	
— soðin	50 <sup>(1)</sup>
— soðin krabbadýr, ættirnar <i>Penaeidae</i> , <i>Solenoceridae</i> , <i>Aristaeidae</i> :	
— að 80 einingum	135 <sup>(1)</sup>
— milli 80 og 120 einingar	180 <sup>(1)</sup>
— yfir 120 einingar	270 <sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Í ætum hlutum.“

— Í stað færslunnar „Sterkja (frátalin er sterkja í afvenslunarfaðu, stoðblöndur og ungbarnablöndur)“ komi „Sterkja, (frátalin er sterkja í ungbarnablöndu, stoðblöndu og unnum matvælum með korn sem uppistöðu og barnamat)“.

— Eftirfarandi línur bætist við:

„ <i>Salsicha fresca</i> “	450
Vínber	10
Ný litkaber	10 (mælt í ætum hlutum)“.



„E-númer	Heiti	Matvæli	Hámarks magn sem má bæta við meðan á framleiðslu stendur (gefíð upp sem NaNO <sub>3</sub> )	Hámarksgildi leifa (gefíð upp sem NaNO <sub>3</sub> )
E 251 E 252	Kalíumnítrat (°) Natriumnítrat (°)	Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar	150 mg/kg	
		Hefðbundnar kjötafurðir sem eru láttnar liggja á kaf í pækli (1):  <i>Kylmäsavustettu poronliha/ Kallrökt renkött</i> (1.4),  <i>Wiltshire bacon</i> og <i>Wiltshire ham</i> (1.1); <i>Entremeada, entrecosto, chispe, orelheira e cabeça (salgados),</i> <i>Toucinho fumado</i> (1.2), <i>Rohschinken, nassgepökelt</i> (1.6), og svipaðar afurðir  <i>Bacon, Filet de bacon</i> (1.5), og svipaðar afurðir  <i>Cured tongue</i> (1.3)	300 mg/kg	250 mg/kg
		Hefðbundnar, þurrksaltaðar kjötafurðir (2): <i>Dry cured bacon</i> og <i>Dry cured ham</i> (2.1), <i>Jamón curado, paleta curada, lomo embuchado y cecina</i> (2.2),  <i>Presunto, presunto da pá og paio do lombo</i> (2.3), <i>Rohschinken, trockengepökelt</i> (2.5), og svipaðar afurðir  <i>Jambon sec, jambon sel sec et autres pièces maturées séchées similaires</i> (2.4)		250 mg/kg án viðbættis E 249 eða E 250  10 mg/kg  250 mg/kg
		Aðrar hefðbundnar, saltaðar kjötafurðir (3): <i>Rohwürste (Salami and Kantwurst)</i> (3.3),  <i>Rohschinken, trocken-/nassgepökelt</i> (3.1), og svipaðar afurðir  <i>Salchichón y chorizo tradicionales de larga curación</i> (3.4), <i>Saucissons secs</i> (3.6), og svipaðar afurðir  <i>Jellied veal and brisket</i> (3.2),	300 mg/kg (án viðbættis E 249 eða E 250)  250 mg/kg (án viðbættis E 249 eða E 250)	250 mg/kg  10 mg/kg

„E-númer	Heiti	Matvæli	Hámarks magn sem má bæta við meðan á framleiðslu stendur (gefíð upp sem NaNO <sub>3</sub> )	Hámarks gildi leifa (gefíð upp sem NaNO <sub>3</sub> )
		Harður, hálfharður og hálfmjúkur ostur	150 mg/kg í ostamjólkinni eða jafngildi þess ef nítítrínu er bætt við eftir að mysan hefur verið fjarlægð og vatninu bætt við	
		Vörur í líkingu við ost að meginhluta úr mjólkurafurðum		
		Kryddlegin sild og brislingur	500 mg/kg <sup>6</sup>	

- (<sup>6</sup>) Ef nítítr er merkt „til notkunar í matvæli“ má einungis selja það ef það er blandað salti eða saltlíki.
- (<sup>7</sup>) Fo-gildið 3 svarar til hitunar í 3 mínútur við 121 °C (minnkun bakteríuálagsins úr einum milljarði gróa í hverjum 1000 dósnum í eitt gró í þúsund dósnum).
- (<sup>8</sup>) Nítítröt geta verið í tilteknum hitameðhöndluðum kjötafurðum en það stafar af náttúrulegri ummyndun nítítríta í nítítröt í umhverfi með lágu sýruinnihaldi.
- 1 Kjötafurðirnar eru látnar liggja á kafi í pækli sem inniheldur nítítrít og/eða nítítröt, salt og önnur efni. Kjötafurðirnar má meðhöndla enn frekar, t.d. með reykingu.
    - 1.1 Pækli er sprautað inn í kjötið og því næst er kjötið látið liggja á kafi í pækli í þrjá til tíu daga. Saltþækillinn (e. immersion brine solution) inniheldur einnig örverufræðilega frumrækt (e. microbiological starter cultures).
    - 1.2 Látið liggja á kafi í pækli í þrjá til fimm daga. Afurðin er ekki hitameðhöndluð og hefur mikla vatnsvirkni.
    - 1.3 Látn liggja á kafi í pækli í a.m.k. fjóra daga og forsoðin.
    - 1.4 Pækli er sprautað inn í kjötið og því næst er það látið liggja á kafi í pækli. Söltunartími er 14 til 21 dagur og því næst er það látið þroskast (e. *maturation*) í köldum reyk í fjórar til fimm vikur.
    - 1.5 Látið liggja á kafi í pækli í fjóra til fimm daga við 5 til 7 °C, oftast látið þroskast í 24 til 40 klst. við 22 °C, e.t.v. reykt í 24 klst. við 20 til 25 °C og geymt í þrjár til sex vikur við 12 til 14 °C.
    - 1.6 Söltunartími, sem fer eftir lögun og þyngd kjötbitanna, er u.þ.b. tveir dagar og því næst kemur jöfnunar/þroskunartími.
  - 2 Við þurrköltun er þurri saltblöndu, sem inniheldur nítítrít og/eða nítítröt, salt og önnur efni, stráð á allt yfirborð kjötsins og því næst kemur jöfnunar-/þroskunartími. Kjötafurðirnar má meðhöndla enn frekar, t.d. með reykingu.
    - 2.1 Þurrköltun og síðan þroskun í a.m.k. fjóra daga.
    - 2.2 Þurrköltun með jöfnunartíma sem er a.m.k. 10 dagar og þroskunartíma sem er lengri en 45 dagar.
    - 2.3 Þurrköltun í 10 til 15 daga og því næst kemur 30 til 45 daga jöfnunartími og þroskunartími sem er a.m.k. tveir mánuðir.
    - 2.4 Þurrköltun í þrjá daga + einn dagur/kg og því næst er vikutímabil eftir söltun og þroskunartími í 45 daga til 18 mánuði.
    - 2.5 Söltunartími, sem fer eftir lögun og þyngd kjötbitanna, er u.þ.b. 10 til 14 dagar og því næst kemur jöfnunar-/þroskunartími.
  - 3 Pæklu með lagningu á kaf í pækil og þurrköltun eru notaðar saman eða nítítrít og/eða nítítrat er sett í samsetta vöru eða pæklinum er sprautað í afurðina áður en hún er soðin. Afurðirnar má meðhöndla enn frekar, t.d. með reykingu.
    - 3.1 Þurrköltun og pæklu með lagningu á kaf í pækil eru notaðar saman (án innsprautunar með pækli). Söltunartími, sem fer eftir lögun og þyngd kjötbitanna, er u.þ.b. 14 til 35 dagar og því næst kemur jöfnunar-/þroskunartími.
    - 3.2 Innsprautun með pækli og síðan soðið, eftir minnst tvo daga, í sjóðandi vatni í allt að þrjár klukkustundir.
    - 3.3 Afurðin er með a.m.k. fjögurra vikna þroskunartíma og hlutfall vatns/prótíns er minna en 1,7.
    - 3.4 Þroskunartími er a.m.k. 30 dagar.
    - 3.5 Þurrkaða afurðin er soðin við 70 °C og síðan kemur 8 til 12 daga verkun með þurrkun og reykingu. Gerjuð afurð er látn gerjast í 14 til 30 daga í þriggja áfanga gerjunarferli og síðan er hún reykt.
    - 3.6 Hrá, gerjuð, þurrkuð pylsa án viðbættra nítítríta. Afurðin er látn gerjast við hitastig á bilinu 18 til 22 °C eða lægra (10 til 12 °C) og því næst kemur a.m.k. þriggja vikna þroskunartímabil. Hlutfall vatns/prótíns í afurðinni er minna en 1,7.<sup>6</sup>

d) Ákvæðum D-hluta er breytt sem hér segir:

- i. Í stað athugasemdarinnar komi eftirfarandi: „Í töflunni vísar \* til meðalhófsreglunnar: þegar samsetningar úr gallötum, TBHQ, BHA og BHT, eru notaðar verður að minnka hlutfallslegt innihald einstakra efna.“
- ii. Í stað línu E 310 til E 321 og línu 310 til E 320 komi eftirfarandi:

„E 310	Própýlgallat	Feiti og olía til iðnframleiðslu á hitameðhöndluðum matvælum	200* (gallöt, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)
E 311	Oktýlgallat	Steikingarolía og steikingarfeiti, þó ekki ólífuhratolía	100* (BHT)
E 312	Dódekýlgallat		
E 319	Þrígreint bútýlhýdrókínón (TBHQ)	Svínafeiti, fisklýsi og fita úr nautgripum, alifuglum og sauðfé	gefið upp í báðum tilvikum í hlutfalli við fitumagn
E 320	Bútýlhýdroxýanisól (BHA)	Tilbúnar kökublöndur Snarfæða, að meginhluta úr korni Mjólkurduft fyrir sjálfsala	200 (gallöt, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)
E 321	Bútýlhýdroxýtólúen (BHT)	Þurrkaðar súpur og seyði Sósar Þurrkað kjöt Unnar hnetur Forsoðnar kornvörur	gefið upp í hlutfalli við fitumagnið
		Kryddblöndur og bragðbætar	200 (gallöt og BHA, hvert um sig eða í samsetningum) gefið upp í hlutfalli við fitumagnið
		Þurrkaðar kartöflur	25 (gallöt, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)
		Tyggigúmmi Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	400 (gallöt, TBHQ, BHT og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)
		Ilmkjarnaolíur	1000 (gallöt, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)
		Önnur bragðefni en ilmkjarnaolíur	100* (gallöt, hvert um sig eða í samsetningum) 200* (TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)“

iii. Eftirfarandi lína bætist við:

„E 586	4-hexýlresorsínól	Fersk, fryst og djúpfryst krabbadýr	2 mg/kg sem efnaleifar í krabbadýrakjöti“
--------	-------------------	-------------------------------------	---

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar fyrir E 385 komi eftirfarandi:

„E 385	Kalsíumtvínatriumetylendíam íntetraasetat (kalsíumtvínatrium EDTA)	Sósur, ýrðar	75 mg/kg
		Belgjurtir, belgaldin, ætisveppir og ætíþistlar, niðursoðið í dósir og krukkur	250 mg/kg
		Krabbadýr og lindýr, niðursoðin í dósir og krukkur	75 mg/kg
		Fiskur, niðursoðinn í dósir og krukkur	75 mg/kg
		Smyrjanleg fita, samkvæmt skilgreiningu í viðaukum B og C við reglugerð (EB) nr. 2991/94 (*), með 41% fituinnihaldi eða minna	100 mg/kg
		Fryst og djúpfryst krabbadýr	75 mg/kg
		<i>Libamáj, egéshben és tömbben</i>	250 mg/kg

(\*) Stjtið. EB L 316, 9.12.1994, bls. 2.“

b) Eftirfarandi lína bætist við á eftir línunni E 967:

„E 968	Erýtrítól	Matvæli almennt (þó ekki drykkir og þau matvæli sem um getur í 3. mgr. 2. gr.)).	eftir þörfum
		Frystur og djúpfrystur, óunninn fiskur, krabbadýr, lindýr og smokkar	eftir þörfum
		Líkjörar	eftir þörfum
			Í öðrum tilgangi en til sætunar“

c) Eftirfarandi lína bætist við:

„E 426	Sojabaunahálfbeðmi	Drykkir, að meginhluta úr mjólkurvörum, ætlaðir til smásölu	5 g/l
		Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	1,5 g/l
		Sósur, ýrðar	30 g/l
		Forpakkað, fínt kaffibrauð, ætlað til smásölu	10 g/kg
		Forpakkaðar, austurlenskar núðlur, tilbúnar til neyslu, ætlaðar til smásölu	10 g/kg
		Forpökkuð hrísgrjón, tilbúin til neyslu, ætluð til smásölu	10 g/kg

	Forpakkaðar, unnar afurðir úr kartöflum og hrisgrjónum (þ.m.t. frystar, djúpfrystar, kældar og þurrkaðar, unnar afurðir), ætlaðar til smásölu	10 g/kg
	Þurrkaðar, óblandaðar, frystar og djúpfrystar eggjaafurðir	10 g/kg
	Sætindi úr hlaupi að undanskildum smábikurum með hlaupi	10 g/kg <sup>44</sup>

- d) Í línu E 468 komi orðin „Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í föstu formi“ í stað orðanna „Fæðubótarefni í föstu formi“
- e) Í línu E 338 til E 452 komi orðin „Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB“ í stað orðsins „Fæðubótarefni“
- f) Í línu E 405, línu E 416, línu E 432 til E 436, línu E 473 og E 474, línu E 475, línu E 491 til E 495, línu E 551 til E 559, og línu E 901 til E 904 komi orðin „Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB“ í stað orðsins „Fæðubótarefni“
- g) Í línu E 1201 og E 1202 komi orðin „Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, í töfluformi og í formi húðaðra taflna“ í stað orðanna „Fæðubótarefni í töfluformi og í formi húðaðra taflna“
- h) Í línu E 405, línu E 432 til E 436, línu E 473 og E 474, línu E 475, línu E 477, línu E 481 og E 482, línu E 491 til E 495 komi orðin „Sérfæða sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 1999/21/EB“ í stað orðanna „Sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi“
- i) Í stað línu E 1505 til E 1520 komi eftirfarandi:

„E 1505	Trietýlsítrat	Bragðefni	3 g/kg frá öllum upptökum í matvælum í því formi sem þeirra er neytt eða eins og þau eru endurgerð í samræmi við fyrirmæli framleiðandans, sér eða í samsetningu. Ef um drykkjarvörur er að ræða, að undanskildum rjómalíkjörum, skal hámarksgildið fyrir E 1520 vera 1 g/l.“
E 1517	Glýserýldíasetat (díasetín)		
E 1518	Glýserýltríasetat (tríasetín)		
E 1520	Própan-1,2-díól (própýlenglýkól)		

- j) Eftirfarandi línur bætist við:

„E 1204	<i>Þúllúlan</i>	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í hylkjum og töflum	eftir þörfum
		Smásætindi í formi blaða sem gefa ferskan andardrátt	eftir þörfum
E 1452	Áloktenýlsúksínatsterkja	Örhylkjaðar vítamínblöndur í fæðubótarefnum samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	35 g/kg í fæðubótarefni

5) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lína bætist við á eftir línunni E 967:

„E 968	Erýtrítól“.	
--------	-------------	--

b) Eftirfarandi lína bætist við á eftir línunni E 466:

„E 462	Etýlsellulósi“.	
--------	-----------------	--

c) Í þriðja dálki línunnar fyrir E 551 og E 552 bætist eftirfarandi málslíður við:

„Að því er varðar E 551: titandíoxíð í E 171 og járnnoxíð og járnhýdroxíð í E 172 (að hámarki 90% í hlutfalli við lífræna litarefnið).“

6) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í fyrsta, öðrum og þriðja lið inngangsaðgasemdarinnar komi „unnum matvælum með korn sem uppistöðu og barnamat“ í stað „afvenslunarfæðu“.

b) Í fyrirsögninni í 3. hluta komi „unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat“ í stað „afvenslunarfæðu“ og í línu E 170 til E 526, línu E 500, E 501 og E 503, línu E 338, línu E 410 til E 440, línu E 1404 til E 1450 og línu E 1451 komi „Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat“ í stað „Afvenslunarfæða“.

c) Í 4. hluta bætist eftirfarandi við á eftir línu E 472c:

„E 473	Súkrósaesterar fitusýrum	af	120 mg/l	Afurðir sem innihalda vatnsrofin prótín, peptíð og amínósýrur“.
--------	-----------------------------	----	----------	---

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við tilskipun 94/35/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í fyrsta dálki línunnar fyrir E 420 til E 967 bætist „E 968“ við.
  - 2) Í öðrum dálki línunnar fyrir E 420 til E 967 bætist „Erytrítól“ við.
-